

Nd.

215. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um hækkun á söluskatti verður að skoða sem einn lið í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1965. Meginrök ríkisstjórnarinnar fyrir flutningi frumvarpsins eru þau, að ekki sé unnt að koma saman hallalausum fjárlögum að þessu sinni án þess að auka tekjur ríkissjóðs umfram það, sem fyrri tekjustofnar gefa.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpinu, þegar það var lagt fram, taldi ríkisstjórnin, að afla yrði nýrra tekna, sem næmi 335 millj. kr., ef afgreiða ætti greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1965. Áður hafði ríkisstjórnin tilkynnt, að hún ætlaði sér að taka í ríkissjóð á næsta ári hluta af þeirri hækkun söluskattsins, sem gerð var í janúarmánuði s. l. til sérstaks stuðnings vegna sjávarútvegsins. Sú fjárhæð nemur 95.5 millj. kr.

Þannig gerði ríkisstjórnin ráð fyrir, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs á næsta ári með nýjum eða hækkuðum tekjustofnum um samtals 430.5 millj. kr. Ríkisstjórnin færði aðeins eina frambærilega afsökun fyrir þessari miklu tekjuöflunarkröfu. Sú afsökun var, að niðurgreiðslur á vöruverði mundu hækka um 207 millj.

kr. á árinu 1965 og auk þess hefði ríkissjóður staðið undir hækkuðum niðurgreiðslum á síðari hluta þessa árs, sem næmi 68 millj. kr.

Þó að þessar afsakanir væru teknar gildar, er þó augljóst, að ríkisstjórnin telur, að fjárhagur ríkissjóðs sé með þeim hætti, að afla þurfi nýrra tekna umfram niðurgreiðslurnar. Nú hefur ríkisstjórnin við meðferð málsins í efri deild lækkað tekjukröfur sínar um 68 millj. kr., eða sem nemur auknu niðurgreiðslunum á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin telur því nú, að afgreiða megi greiðsluhallalaus fjárlög, ef ríkissjóður fær á næsta ári 362.5 millj. kr. í nýjum tekjustofnum. Þessa fjárhæð hugsar ríkisstjórnin sér að fá á þennan hátt:

1. Með því að taka í ríkissjóð tekjur, sem áður runnu til sjávarútvegsins	95.5 millj. kr.
2. Með hækkun söluskatts samkv. frumv.	239.0 — —
3. Með hækkun á leyfisgjöldum af bifreiðum og bifhjólum	28.0 — —
	<hr/>
	Samtals 362.5 millj. kr.

Vert er nú að íhuga, hvaða afleiðingar þessar fyrirhuguðu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar mundu hafa. Tökum fyrst sjávarútveginn.

Snemma á þessu ári voru gerðar sérstakar ráðstafanir með hækkun söluskattsins til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins, eins og það þá var orðað. Samkvæmt þeim ráðstöfunum átti að greiða frystihúsum landsins fjárhæð, sem nam 43 millj. kr. Auk þess var ákveðið að verja 52.5 millj. kr. til 6% hækkunar á fiskverði bátanna. Þessar tvær fjárhæðir nema 95.5 millj. kr. og eiga nú ekki lengur að renna til sjávarútvegsins, heldur í ríkissjóð. Nú hafa hlutföllin sem sagt snúizt þannig við að dómi ríkisstjórnarinnar, að sjávarútvegurinn þarf ekki lengur á stuðningi að halda, en getur í þess stað hjálpað ríkissjóði um þessar fjárhæðir.

Þegar stuðningurinn við sjávarútveginn var samþykktur í janúarmánuði s. l., komu fram útreikningar frá Efnahagsstofnuninni og Fiskifélagi Íslands, sem sýndu, að 15% kauphækkun í frystihúsum landsins jafngildi 62 millj. kr. Þá hafði kaupgjald nýlega hækkað um 15%, og var því talið óhjákvæmilegt að bæta frystihúsum þessi auknu útgjöld með 62 millj. kr. fjárstuðningi.

Nú á hins vegar að taka af frystihúsum þær 43 millj. kr., sem til þeirra gengu, og nú er þeim ætlað að standa undir þeirri 6% fiskverðshækkun, sem áður var greidd með söluskattshækkuninni. Vegna fiskverðsbreytingarinnar hækka útgjöld frystihúsanna um 30—35 millj. kr. eða í beinu hlutfalli við fryst fiskmagn. Aukin útgjöld frystihúsanna verða því örugglega af þessum ástæðum 73—78 millj. kr. Slík hækkun nemur samkvæmt áður gefnum útreikningum Efnahagsstofnunarinnar og Fiskifélagsins jafngildi 19% beinnar kauphækkunar.

Þá gerir ríkisstjórnin ráð fyrir 3% almennri verðlags- og kauphækkun sem afleiðingu af hækkun söluskattsins.

Við þetta má svo bæta því, að s. l. sumar var samið um 1% launaskatt, sem lendir á frystihúsum, og um 1% hækkun á orlofi, sem einnig hækkar útgjöld þeirra.

Útgjaldahækkun frystihúsanna, sem eru ein þýðingarmesta grein útflutningsframleiðslunnar, verður því þessi:

1. Tekjur teknar af frystihúsum og renna eiga í ríkissjóð sem jafngildir	19 % kauph.
2. Hækkun kaups vegna áhrifa nýs söluskatts	3 % —
3. Launaskattur	1 % —
4. Hækkun orlofs	1 % —
	<hr/>
	Samtals 24 % kauph.

Af þessari hækkun eiga 22% að renna í ríkissjóð á beinan eða óbeinan hátt. Aðeins 1%, þ. e. orlofið, rennur beint til fólksins, sem í frystihúsunum vinnur.

Auk þess koma auðvitað ýmis önnur útgjöld til með að falla á frystihúsin. Þau fá auðvitað sinn hluta af 3% almennri dýrtíðarhækkun á allan sinn rekstur, og fleira kemur til. Og síðast, en ekki sízt, er öllum vitanlegt, að á komandi vori hljóta beinar kauphækkunir verkafólks að eiga sér stað.

Nú er eðlilegt, að spurt sé: Telur ríkisstjórnin fiskfrystinguna og fiskiðnaðinn í landinu yfirleitt geta risið undir þessum ráðstöfunum bóatalaust? Eða er kannske ætlunin að koma síðar í vetur með nýjar álögur til aðstoðar útflutningsframleiðslunni?

Við þessu hafa engin svör fengizt. Augljóst mál er, að hækka verður fiskverð til sjómanna og bátaeigenda um þessi áramót. Enginn getur ætlað sjómönnum að taka við vaxandi dýrtíð algerlega bóatalaust. Og þegar þess er gætt, að fiskverð til sjómanna hækkaði allt of lítið um síðustu áramót í samanburði við aðrar hækkunir, getur ekki annað komið til mála en veruleg hækkun á fiskverði á þorskvertíð.

Afleiðingar hækkunar á söluskatti verða einnig þær, að landbúnaðarvörur hækka í verði. Kaup bóndans hækkar um 3% eins og annarra, og rekstrarvörur hækka líka um 3%. Hætt er við, að flest sveitarfélög hækki álögur sínar vegna hækkanði rekstrarkostnaðar. Útsöluverð vinnu mun einnig hækka. Og ein hækkunin mun leiða af sér aðra hækkun, — dýrtíðarskriðan verður sett af stað.

Hækkun söluskattsins nú er þarflaus með öllu. Ríkissjóður hefur haft og hefur enn miklar umframtekjur. Enn liggja um 220 millj. kr. af greiðsluafgangi árána 1962 og 1963, sem Alþingi hefur ekki ráðstafað.

Núverandi tekjustofnar ríkisins gætu gefið miklu meiri tekjur, ef eftirlit með skattframtölum milliliða og atvinnurekenda væri með eðlilegum hætti. Og söluskattur gæti einnig gefið ríkinu stórum meiri tekjur en nú er, ef eftirlit með innheimtu skattsins væri undanbragðalaust.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um hækkun söluskatts er brot á grundvallaratriðum júnísamkomulagsins frá í sumar á milli ríkisstjórnarinnar, atvinnurekenda og verkafólksáhrifshreyfingarinnar. Grundvöllur þess samkomulags var stöðvun verðbólgunnar í að minnsta kosti eitt ár. Með söluskattsfrumvarpinu lýsir ríkisstjórnin því yfir, að hún treysti sér ekki lengur til þess að standa við þetta samkomulag.

Hverjum manni má vera ljóst, að núverandi ríkisstjórn ræður ekki við efnahagsvandamál þjóðarinnar. Áhrif braskara og verðbólgugróðamanna á ríkisstjórnina eru of mikil. Undan þeim lætur hún og hrekst því sífellt lengra og lengra út í ófæruna.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega á móti þessu frumvarpi. Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 20. des. 1964.

Lúðvík Jósefsson.